# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, göngustígur frá Hagaflöt að Molduhrauni.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. nóvember 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að aðalstígur frá Flötum að Molduhrauni færist að mestu til vesturs. Í stað tengingar við opið svæði á milli Sunnuflatar og Bakkaflatar verður tenging við stíg til suðurs frá Hagaflöt. Við Molduhraun færist tenging u.þ.b. 70 m til vesturs.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. nóvember 2002.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*